

## M-81/2014 Álit 22. desember 2014

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. desember 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-81/2014:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 30. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á tímareim, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að úrbóta eða skaðabóta.

#### II

##### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 30. október sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 4. nóvember. Með bréfi, dags. 6. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 14. nóvember. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 18. desember, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### III

##### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 10. júní 2010 keypti álitsbeiðandi tímareim af seljanda ásamt því að fá seljanda til að framkvæma útskipti á tímareim í bifreiðinni xx-000, en bifreiðin er af gerðinni Hyundai Tuscon, árgerð 2005. Þegar tímareimaskiptin voru framkvæmd hafði umræddri bifreið verið ekið 88.886 km. Auk þess að skipta um tímareim skipti seljandi um pakkdósir í vél bifreiðarinnar. Þegar bifreiðinni hafði verið ekið um 38.600 km eftir skiptin, drap vél bifreiðarinnar á sér í akstri og fór ekki aftur í gang. Við skoðun kom í ljós að tímareimin hafði eyðilagst og gúmmí voru ónýtt. Samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda bifreiðarinnar á að skipta um tímareim í bifreiðum af umræddri gerð á 90.000 km fresti eða á 6 ára fresti, eftir því hvort ber við fyrr. Við nánari skoðun á bifreiðinni voru engar utanaðkomandi vélrænar ástæður sem gátu skýrt þessa stuttu endingu tímareimarinnar. Engin olía var í reiminni og álitsbeiðandi kveðst samviskusamlega hafa látið smyrja vél bifreiðarinnar. Telur álitsbeiðandi að tímareimin hafi verið gölluð. Krefst álitsbeiðandi þess aðallega að seljandi skipti um tímareim í bifreiðinni, sér að kostnaðarlausu. Til vara krefst álitsbeiðandi skaðabóta sem nemi kostnaði við tímareimaskiptin. Telur álitsbeiðandi að 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup eigi við í viðskiptum hans við seljanda, þannig að regla sem þar er að finna um 5 ára ábyrgð eigi við, í stað hinnar venjulegu 2 ára ábyrgðar. Þá telur álitsbeiðandi að lög nr. 42/2000 um þjónustukaup eigi ekki við um viðskipti hans við seljanda þar sem kvörtunin snúi ekki að gallaðri þjónustu heldur gölluðum söluhlut, þ.e. tímareiminni sem slíkri.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af bréfaskriftum milli lögmanna álitsbeiðanda og seljanda, afrit af smurbók bifreiðarinnar og afrit af reikningi frá seljanda, dags. 9. júní 2010, að fjárhæð kr. 38.217. Á reikninginn er rituð skýringin „Tímareimarskipti“ fyrir framan fjárhæð reikningsins. Í bréfaskriftum milli lögmanna aðila kemur fram ágreiningur um það hvort viðskipti aðila falli undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup, eða lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

## IV

### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að seljandi kannast ekki við að hafa átt í viðskiptum við álitsbeiðanda.

## V

### Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda er að finna útprentun úr ökutækjaskrá, sem staðfestir eignarhald álitsbeiðanda á bifreiðinni xx-000. Segir þar að kvittun frá seljanda þar sem komi fram að tímareimarskipti hafi verið framkvæmd á bifreiðinni hafi fylgt bifreiðinni við kaup álitsbeiðanda á henni. Telur álitsbeiðandi það engu breyta um efnislegan rétt sinn til efnda seljanda að hann hafi ekki átt bifreiðina þegar tímareimarskiptin voru framkvæmd.

## VI

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í máli þessu er deilt um það hvort ágreiningur aðila falli undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup eða lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Ágreiningur þessi skiptir miklu máli fyrir úrlausn málsins, þar sem frestur neytanda skv. 17. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup til að bera fyrir sig galla á keyptri þjónustu er tvö ár, meðan að frestur neytanda getur verið allt að fimm ár skv. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Rétt er að taka fram að rúmlega 4 ár voru liðin frá því hin umdeildu viðskipti áttu sér stað og þar til álitsbeiðandi kvartaði undan galla við seljanda.

Í gögnum máls er að finna tvö gögn sem benda til þess að bifreiðin xx-000 hafi gengist undir tímareimarskipti hjá seljanda hinn 9. júní 2010. Annars vegar reikning fyrir viðskiptinum að fjárhæð kr. 38.217 og hinsvegar færslu í smurbók bifreiðarinnar, dags. s.d. Á framangreindum reikningi kemur ekkert annað fram en að seljandi hafi skipt um tímareim í bifreiðinni xx-000. Ekkert kemur fram um það að seljandi hafi jafnframt lagt til og fengið greitt fyrir tímareimina sjálfa. Þá ber fjárhæð reikningsins ekki með sér að svo hafi verið. Verður því að líta svo á að ágreiningur aðila falli undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Sem fyrr segir kemur eftirfarandi fram í 2. mgr. 17. gr. laganna: „Ef neytandi kvartar ekki innan tveggja ára frá afhendingardegi hinnar seldu þjónustu getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Þetta gildir ekki ef seljandi þjónustu hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.“ Í greininni kemur fram að neytandi hefur tvö ár til að bera fyrir sig galla á þjónustu, frá þeim degi sem keypt þjónusta hefur verið innt af hendi. Sá frestur leið undir lok hinn 9. júní 2012, þ.e. rúmum tveimur árum áður en álitsbeiðandi kvartaði undan galla við seljanda. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

**VII**  
**Álitsorð**

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir